



Alþingi

Erindi nr. P 127, 190.

komudagur 16. 4. 2002

Umhverfisnefnd Alþingis  
bt. Magnúsar Stefánssonar, formanns  
Austurstræti 8 - 10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 16. apríl 2002  
SP/hó


**Efni: Varðar frumvarp til laga um Umhverfisstofnun**  
Tilv:02040015

Vísað er í erindi Æðarræktarfélags Íslands til umhverfisnefndar dags. 15. apríl 2002.

Meðal bænda og fjölmargra aðila, sem umhugað er um þróun fuglalífs, er óánægja með að ekki skuli staðið fastar að eyðingu refa og minnka en raun ber vitni. Tvennt kemur einkum til: Ófullnægjandi fjárveitingar annars vegar og hins vegar starfshættir veiðistjóraembættisins.

Bændasamtök Íslands taka undir það með Æðarræktarfélaginu, að við fyrirhugaða lagabreytingu verði skerpt á því hlutverki veiðistjóra að hafa frumkvæði að, skipuleggja og leiðbeina um veiðar á vargi. Ennfremur er skorað á umhverfisnefnd að beita sér fyrir auknum fjárveitingum í þessu skyni, og vísast þar til ályktana búnaðarþings, sem fylgja erindi Æðarræktarfélagsins.

Virðingarfyllst,  
f.h. Bændasamtaka Íslands



Sigurður Þorgeirsson